

Til skiptis hjá foreldrum

Líðan og aðlögun unglunga eftir fjölskyldugerðum

Benedikt Jóhannsson, sérfræðingur í klínískri sálfræði.
Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Skúlagata 21, 101 Reykjavík, og
Fjölskylduþjónustu kirkjunnar Grensáskirkja, Háleitisbraut 66, 103 Reykjavík.

Netfang: benedikt.johannsson@reykjavik.is

Gengið frá í október 2012

Útdráttur

Megin markmið þeirrar könnunar sem hér er greint frá er að varpa ljósi á hvernig líðan og aðlögun unglunga á Íslandi tengist því við hvaða fjölskyldugerðir þeir búa. Athyglinni er einkum beint að þeim unglungum sem búa til skiptis hjá foreldrum og hvernig þeir koma út miðað við aðra unglunga. Í árlegri könnun Rannsóknna og greiningar á öllum unglungum á landinu í 8. til 10. bekk fékk höfundur setta inn nýja spurningu þar sem í fyrsta sinn er spurt um hverjir búa til skiptis hjá foreldrum sínum, en það fyrirkomulag virðist fara vaxandi. Könnunin var lögð fyrir í febrúar 2010. Alls svöruðu 10.840 unglingar og var svarhlutfall í 8. bekk 83,9% en 85,6% í 9. og 10. bekk. Alls reyndust 69% unglungana búa hjá báðum foreldrum á sama heimili. Tíðni þeirra sem bjuggu til skiptis hjá foreldrum sínum var 6,6% í 8. bekk; 5,1% í 9. bekk; 3,7% í 10. bekk og samtals 5,2% á unglingastigi. Eftirfarandi þættir voru tengdir fjölskyldugerðum: Líðan unglunganna, samskipti þeirra við foreldra, vini og kennara, sem og notkun þeirra á áfengi og kannabisefnum. Fram kom tölfræðilega marktækur munur ($p < 0,0001$) milli fjölskyldugerða varðandi alla þessa þætti, með fylgnitölu frá 0,08 (hafnað af vinum) til 0,20 (borða kvöldmat með foreldrum og rífast alvarlega við foreldra). Í öllum tilvikum reyndust unglingar sem búa hjá báðum foreldrum á sama heimili best aðlagðir og yfirleitt reyndust unglingar sem búa til skiptis hjá foreldrum sínum betur aðlagðir en aðrir unglingar eftir skilnað. Þeir unglingar sem ekki bjuggu hjá foreldrum sínum reyndust hins vegar að jafnaði verst aðlagðir.

Efnisorð: Fjölskyldugerðir, skilnaður, skipt búseta, líðan og aðlögun unglunga.

Inngangur

Þegar ég hóf störf sem sálfræðingur við skóla árið 1982 vakti það fljótlega athygli mína að meirihluti þeirra barna sem leitað var með til sálfræðipjónustu skóla bjó ekki hjá báðum foreldrum sínum. Árið 1994 átti ég svo kost á að sækja fyrstu alþjóðlegu ráðstefnuna sem haldin var um börn og skilnað. Ég skrifaði í framhaldinu bók um efnið sem kom út árið 1996 og síðan í endurskoðaðri útgáfu 2004. Í bókinni var gefið ítarlegt yfirlit um erlendar rannsóknir á þessu sviði, en þá hafði efnið lítið verið rannsakað hér á landi. Síðan hafa verið gerðar nokkrar íslenskar rannsóknir á þessu sviði og mun ég einkum styðjast við þær í þessari grein. Góð yfirlit yfir erlendar rannsóknir má einnig finna í greinum Robert Bauserman (2002); J.B. Kelly (2007) og Thoroddur Bjarnason og Arsaell M. Arnarson (2010).

Árlega upplifa um 1.200 íslensk börn skilnað foreldra sinna (Hagstofan 2011). Skilnaður foreldra vekur eðlilega áhyggjur af velferð barna þeirra, þar sem unglingar og börn eru háð umönnun og leiðsögn foreldra sinna. Skilnaðurinn rýrir augljóslega möguleika beggja foreldra til að vera daglegir þátttakendur í lífi barna sinna. Rannsóknir hafa einnig sýnt að skilnaður foreldra hefur áhrif á líðan og aðlögun barna þeirra, einkum ef samstarf foreldranna varðandi börnin er lítið eða erfitt eftir skilnaðinn. Í kjölfar skilnaðar foreldra hefur þannig orðið vart við aukna depurð og hegðunarvanda, ásamt meiri notkun áfengis og vímuefna hjá börnum og unglingum. (Benedikt Jóhannsson 2004; Hetherington og Kelly 2002; Thuen 2001; Ársæll M. Arnarson og Þóroddur Bjarnason 2008; Sigrún Júlíusdóttir o.fl. 2008). Rannsóknir sýna að það er einkum mikill ágreiningur foreldra og skortur á samvistum við báða foreldra sem veldur vanlíðan hjá börnum við skilnað og bitnar á aðlögun þeirra (Benedikt Jóhannsson 2004; Kelly 2007; Álfgeir Logi Kristjánsson 2007; Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2009).

Gerð var könnun á líðan og aðlögun barna á miðstigi grunnskóla eftir fjölskyldugerðum árið 2003. Rannsóknir og greining sá um fyrirlögnina á vegum Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur. Niðurstöður voru í stuttu máli þær að tölfræðilega marktækur munur var á líðan og aðlögun barna eftir fjölskyldugerðum. Börn sem bjuggu hjá báðum foreldrum voru best aðlöguð og börn sem bjuggu hjá móður sinni eftir skilnað voru yfirleitt álíka vel aðlöguð. Börn sem bjuggu hjá einstæðum föður virtust hins vegar vera í fremur viðkvæmri stöðu. Þau tjáðu verri líðan en önnur börn, voru oftár skilin útundan og strítt af félögum, og lýstu minni samveru með fjölskyldu. Andstætt goðsögninni um hina vondu stjúpu virtist stjúpmóðir við hlið föður hafa talsvert verndandi áhrif á líðan og aðlögun barnanna. (Benedikt Jóhannsson 2007).

Áður fyrr hurfu feður oft mikið til úr lífi barnanna eftir skilnað, meðan móðirin stóð að mikli leyti ein eftir með börnin. Þróunin hefur þó orðið sú að feður eru orðnir virkari þátttakendur í lífi barnanna en áður eftir skilnað. Sameiginlegt forræði beggja foreldra yfir börnunum er nú orðið ríkjandi fyrirkomulag eftir skilnað, en árið 2009 bjuggu 89% íslenskra barna við það fyrirkomulag eftir skilnað foreldra sinna (Hagstofan 2011). Íslensk rannsókn bendir til þess að sameiginlegt forræði stuðli að því að feður taki virkari þátt í uppeldi barna sinna eftir skilnað foreldra, en það tengslarof sem stundum verður milli barns og föður við skilnað getur jafnvel verið sárara en skilnaðurinn sjálfur (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir 2000).

Eins og áður segir hefur á seinni árum færst í vöxt að börn búi til skiptis hjá foreldrum sínum eftir skilnað, álíka mikið eða jafnt hjá báðum foreldrum. Þetta fyrirkomulag hefur verið umdeilt í umræðum manna á milli (sjá t.d. Emery 2009). Þegar ég hef haldið fyrirlestra um börn og skilnað hef ég verið spurður af áhugasömum áheyrendum hvernig sá hópur barna og unglinga sem býr til skiptis hjá foreldrum sínum eftir skilnað er aðlagður. Til skamms tíma voru ekki til íslenskar rannsóknir um efnið og þurfti því að vísa í erlendar rannsóknir. Í þessari grein kynni ég hins vegar niðurstöður íslenskrar rannsóknar sem dregur fram þennan hóp á

unglingastigi, sýnir hve fyrirkomulagið er algengt og hvernig þessir unglingar eru aðlagðir miðað við unglunga sem búa við aðrar fjölskyldugerðir.

Árið 2006 var gerð könnun við Háskólann á Akureyri í 6. 8. og 10. bekk á öllu landinu þar sem spurt var um jafnskipta búsetu barna eftir skilnað foreldra. Þá reyndust 4,2% þátttakendanna búa við þetta fyrirkomulag (Ársæll M. Arnarson og Þóroddur Bjarnason 2008). Nýleg könnun í 36 löndum sýnir að þetta hlutfall er fremur hátt á Íslandi miðað við önnur vestræn lönd, en þar reyndist hlutfall jafnskiptar búsetu að jafnaði einungis 1%. Hlutfallið í Belgíu, Danmörku og Svíþjóð reyndist þó álíka og hér. (Thoroddur Bjarnason og Arsaell M. Arnarson 2010).

Fram hefur komið að jafnskipt búseta greiðir fyrir samskiptum barnanna við báða foreldra sína eftir skilnað og þá einkum fyrir samskiptum við föður. (Ársæll M. Arnarson og Þóroddur Bjarnason 2008). Könnun sem gerð var meðal nýskilinna foreldra árið 2008 sýndi að í 23,5% tilvika dvöldu börnin jafn lengi hjá báðum foreldrum og þá oftast í viku á móti viku, eða í 86% tilvika. Yfirgnæfandi meirihluti foreldra með jafnar samvistir, eða 88%, taldi börnin sátta við þetta fyrirkomulag. (Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna R. Arnardóttir 2008). Eigindleg rannsókn frá 2009 styður þessar niðurstöður (Sólveig Sigurðardóttir 2009).

Rannsóknir sýna að eftir skilnað sakna börnin oft þess foreldris sem þau verja minni tíma með og óska eftir meiri samvistum við það (Kelly 2007). Fjölmargar erlendar rannsóknir benda einnig til þess að ríkulegar samvistir barna við báða foreldra sína eftir skilnað stuðli að betri líðan og aðlögun hjá börnunum og að börn sem búa álíka mikið hjá báðum foreldrum eftir skilnað séu yfirleitt betur aðlöguð en önnur skilnaðarbörn, jafnvel álíka vel aðlöguð og börn foreldra sem búa saman. (Bauserman 2002; Kelly 2007; Þóroddur Bjarnason og Ársæll M. Arnarson 2010; Thoroddur Bjarnason o.fl. 2012; Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir 2010).

Rannsóknir hafa sýnt að mikill ágreiningur milli foreldra hefur slæm áhrif á börn þeirra (sjá t.d. Geir Gunnlaugsson o.fl. 2011). Í yfirlitgrein um rannsóknir á skiptri búsetu segir Bauserman (2002) að skipt búseta barna eftir skilnað tengist minni ágreiningi milli foreldranna. Reyndar má líta á gott samkomulag milli foreldra um uppeldi barnanna sem eina af forsendum skiptrar búsetu, en skipt búseta getur líka stuðlað að meiri sátta milli foreldra eftir skilnað. Bauserman (2002) segir enn fremur að rannsóknir sýni að minni ágreiningur milli foreldranna skýri þó ekki allan ávinninginn af skiptri búsetu fyrir börnin. Skipt búseta stuðlar einnig að tíðari og meiri samskiptum barnanna við báða foreldra sem að jafnaði er mikilvægt fyrir þau. Einnig má vera að við skipta búsetu jafnist álag og kostnaður vegna barnanna á milli foreldranna þannig að þeir verði betur upplagðir til að hugsa um börnin þegar þau dvelja hjá foreldrunum (Ársæll M. Arnarson og Þóroddur Bjarnason 2008).

Kelly (2007) bendir á að þrátt fyrir jákvæðar niðurstöður rannsókna varðandi skipta búsetu barna eftir skilnað þá mæti þetta fyrirkomulag enn tortryggni, bæði meðal almennings og fagfólks. Einkum hafa verið færð rök fyrir því að ef börnin þurfi að skipta sér á milli heimila foreldra sinna geti það stuðlað að rótleysi hjá börnunum, bitnað á samfellu í umönnun og eftirliti með börnunum og gert samskipti við vini brotakenndari (Ársæll M. Arnarson og Þóroddur Bjarnason 2008). Ég viðurkenni að sjálfur hafði ég efasemdir af þessu tagi um ágæti skiptrar búsetu. Ég hef hinsvegar endurskoðað afstöðu mína í ljósi jákvæðra niðurstöðna úr rannsóknum og vegna kynna minna af þessu fyrirkomulagi í starfi.

Snúum okkur nú að þeirri könnun sem er megin inntak þessarar greinar. Markmið hennar er að varpa ljósi á hvernig líðan og aðlögun unglunga á Íslandi tengist því við hvaða fjölskyldugerðir unglungarnir búa. Athyglinni er einkum beint að þeim hópi sem býr til skiptis hjá foreldrum sínum með það í huga hvernig hann kemur út miðað við aðra unglunga.

Aðferð

Pátttakendur

Spurningalisti var lagður fyrir á vegum Rannsóknna og greiningar í febrúar 2010 og beint til allra unglínga í 8. 9. og 10. bekk á öllu landinu. Unglingarnir svöruðu listunum í sínum grunnskóla á skólatíma. Alls svöruðu 10.840 unglíngar. Í 8. bekk svöruðu 3.673 (svarhlutfall: 83,9%); í 9 bekk: 3.641 (svarhlutfall: 85,6%); og í 10. bekk: 3526 (svarhlutfall: 85,6%). Þar sem könnunin var lögð fyrir í febrúar voru flestir unglíngarnir á aldrinum frá 13 til 15 ára, en þeir 10. bekkingar sem fæddir eru fyrst í árinu og voru þó nýlega orðnir 16 ára. Hópurinn skiptist þannig að drengir voru 49,6% svarenda og stúlkur 50,4%.

Mælitæki

Notaður var spurningalisti sem Rannsóknir og greining hafa þróað og notað árlega, lítið breyttan í mörg ár. Á vegum Reykjavíkurborgar fékk undirritaður því framgengt að Rannsóknir og greining settu inn spurningu um fjölskyldugerðir unglínganna, þannig að fram kom sá hópur sem býr til skiptis hjá foreldrum sínum. Unglíngarnir voru þannig beðnir að velja einn af eftirfarandi kostum: 1) Ég bý hjá báðum foreldrum mínum á einu heimili. 2) Ég bý að mestu leyti hjá mömmu minni. 3) Ég bý að mestu leyti hjá pabba mínum. 4) Ég bý til skiptis hjá foreldrum mínum, stundum hjá pabba og stundum hjá mömmu. 5) Ég bý hjá öðru foreldri og sambýlismanni/konu hans/hennar. 6) Ég bý að mestu hjá afa og/eða ömmu. 7) Ég bý við eitthvert annað fyrirkomulag.

Í lið 4 er ekki spurt hvort unglíngarnir búi jafnt hjá foreldrum sínum, en gera má ráð fyrir að þeir unglíngar sem merktu við lið 4 búi í það minnsta álíka mikið hjá báðum foreldrum sínum, því annars hefðu þeir merkt við að þeir búi meira hjá öðru foreldri í lið 2 eða 3.

Framkvæmd

Eins og fram hefur komið sá Rannsóknir og greining um framkvæmd könnunarinnar og aflaði tilskilinna leyfa hjá Persónuvernd. Tengiliður við undirritaðan fyrir hönd Rannsóknna og greiningar var Hrefna Pálsdóttir. Nánari upplýsingar um kannanir Rannsóknna og greiningar má finna á vefnum: www.rannsoknir.is

Úrvinnsla gagna

Úrvinnsla gagna fór einnig að mestu fram á vegum Rannsóknna og greiningar. Samkvæmt beiðni samkeyrði Hrefna Pálsdóttir hjá Rannsóknnum og greiningu svör við völdum spurningum úr könnuninni við svör unglínganna um fjölskyldugerðir og sá um tölfræðiútreikninga. Þessar spurningar koma fram þeim í töflum sem kynntar eru hér á eftir. Við marktæknireikninga í töflum 2 - 7 hér á eftir voru bæði notuð svokölluð ki-kvaðrat próf (*Chi-Square Tests*) og einnig útreikningar sem falla undir „samhverf mæligildi“ (*Symmetric Measures*). Gáfu þessir útreikningar allir sömu marktæknitölu fyrir töflurnar í heild, eða $p < 0,0001$.

Garðar Sveinbjörnsson tölfræðingur gerði síðan nánari marktæknigreiningu milli fjölskyldugerða með fjölpátta aðhvarfsgreiningu (logistic regression) þar sem þeir unglíngar sem búa til skiptis hjá foreldrum eru teknir sem samanburðarhópur við unglínga sem búa við aðrar fjölskyldugerðir. Styðst ég við þessa greiningu í túlkun minni á þeim töflum sem hér eru birtar. Stjórnur í töflunum sýna hvort um marktækan mun er að ræða milli fjölskyldugerða.

Niðurstöður

Lítum fyrst á hvernig unglingarnir dreifast á fjölskyldugerðir:

1. tafla. Búseta eftir fjölskyldugerðum.

	Báðir foreldr ar	Móðir	Faðir	Til skiptis hjá foreldrum	Stjúp- fjöl- skylda	Afi og/eða amma	Annað	Fjöldi (N)
8. bekkur	70,1%	14%	1,7%	6,6%	5,8%	0,7%	1,1%	3.673
9. bekkur	68,3%	15,6%	2,2%	5,1%	6,4%	0,6%	1,7%	3.641
10. bekkur	68,6%	14,5%	2,3%	3,7%	8,3%	0,7%	1,9%	3.526
Alls	69%	14,7%	2,1%	5,2%	6,8%	0,6%	1,6%	10.840

Í 1. töflu má sjá að í 8. bekk þjuggu um 70% unglinganna hjá báðum foreldrum; 68,3% í 9. bekk og 68,6% í 10. bekk. Í 8. bekk þjuggu 6,6% unglingana til skiptis hjá foreldrum sínum, eða 22% skilnaðarbarna. Hlutfallið lækkar síðan í 5,1% í 9. bekk og í 3,7% í 10. bekk um leið og hlutfall þeirra sem búa í stjúpfjölskyldu fer hækkandi. Í töflu sem ekki er birt hér kemur fram að skipt búseta er heldur algengari meðal drengja (5,5%) en hjá stúlkum (4,5%). Heldur fleiri drengir (2,6%) en stúlkur (1,5%) búa hjá einstæðum föður. Fleiri stúlkur (8,1%) en drengir (5,5%) búa hins vegar í stjúpfjölskyldu.

Kannað var hvernig eftirfarandi þættir tengdust fjölskyldugerðum hjá unglingunum: 1) Líðan. 2) Samskipti við foreldra. 3) Samskipti við vini. 4) Hegðun í skóla, og 5) Neysla áfengis og kannabisefna. Í öllum tilvikum reyndist um tölfræðilega martækan mun að ræða eftir fjölskyldugerðum ($p < 0,0001$). Hafa ber í huga að tölfræðileg marktækni verður há þar sem um stórt þýði er að ræða fremur en úrtak og marktæknin þarf ekki að þýða að mikill munur sé í raun á útkomu eftir fjölskyldugerðum.

Við skulum nú skoða töflur fyrir hvern ofangreindra þátta. Hér birtast aðeins nokkrar þeirra taflna sem voru samkeyrðar. Í texta hér á eftir vísa ég þó í sumar þeirra taflna sem ekki eru birtar hér. Í töflunum sem ég sýni hér á eftir sleppi ég þeim unglingum sem segjast búa við annað fyrirkomulag, enda óljóst hvað það stendur fyrir.

2. tafla. Ég er ánægð(ur) með líf mitt.

Lýsir mér:	Býr hjá báðum foreldrum	Býr hjá móður	Býr hjá föður	Býr til skiptis hjá foreldrum	Býr í stjúp- fjölskyldu	Býr hjá afa og/eða ömmu
Mjög vel	57,9%	43,9%***	42,1%**	55,1%	45,4%***	46,4%
Nokkuð vel	32,8%	39,8%	38,9%	30,9%	37,5%	26,1%
Ekki nógu vel	7,1%	10,9%	13,4%	10,9%	12,9%	11,6%
Alls ekki	2,2%	5,4%	5,6%	3,1%	4,3%	15,9%
Fjöldi (N)	7.342	1.562	216	543	723	69

Fylgnitala (e. *Contingency Coefficient*): 0,164, $p < 0,0001$. Marktækni er reiknuð sérstaklega fyrir þá sem svara „mjög vel”, með þá sem búa til skiptis hjá foreldrum sínum sem samanburðarhóp (fasta), ** = $p < 0,01$, *** = $p < 0,001$.

Í 2. töflu má sjá að unglingar sem búa hjá báðum foreldrum lýsa mestri ánægju með líf sitt, en þó ekki tölfraðilega marktækt meiri ánægju en unglingar sem búa til skiptis hjá foreldrum sínum. Unglingar sem búa til skiptis hjá foreldrum lýsa hins vegar martækt meiri ánægju með lífið en unglingar sem búa hjá föður, móður eða í stjúp-fjölskyldu ($p < 0,01 - 0,001$). Áberandi er hve hátt hlutfall þeirra sem búa að mestu hjá afa og/eða ömmu eru alls ekki ánægð með líf sitt, eða 15,9%.

Einnig var spurt um andlega heilsu og depurð. Voru svör við þeim spurningum mjög svipuð og við spurningunni um ánægju með lífið. Unglingar sem búa hjá báðum foreldrum sínum lýstu þannig bestri andlegri heilsu, en þeir sem búa til skiptis hjá foreldrum komu skammt þar á eftir. Unglingar sem búa við skipta búsetu lýstu minnstri depurð eftir skilnað. Í þessum hópi sögðust 5,4% oft vera niðurdregin eða döpur; 10,2% þeirra sem búa í stjúp-fjölskyldu; 8,4% þeirra sem búa hjá móður og 7,9% þeirra sem búa hjá föður.

3. tafla. Hversu auðvelt væri fyrir þig að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum þínum?

	Býr hjá báðum foreldrum	Býr hjá móður	Býr hjá föður	Býr til skiptis hjá foreldrum	Býr í stjúp- fjölskyldu	Býr hjá afa og/eða ömmu
Mjög erfitt	1,1%	2,5%	1,8%	3,1%	1,1%	8,5%
Frekar erfitt	2,7%	5,7%	5,9%	2,5%	5,0%	14,1%
Frekar auðvelt	19,4%	28,2%	32,6%	22,1%	25,2%	25,4%
Mjög auðvelt	76,7%*	63,6%***	59,7%***	72,2%	68,7%	52,1%***
Fjöldi (N)	7.415	1.570	221	551	737	71

Fylgnitala: 0,17, $p < 0,0001$. Marktækni er reiknuð sérstaklega fyrir þá sem segjast eiga mjög auðvelt með að fá hlýju frá foreldrum sínum, með þá sem búa til skiptis hjá foreldrum sem samanburðarhóp (fasta), * = $p < 0,05$, *** = $p < 0,001$.

Í 3. töflu kemur fram að algengast er að unglingar sem búa hjá báðum foreldrum segist eiga mjög auðvelt með að fá hlýju og umhyggju frá foreldrum sínum (76,7%). Þeir sem búa til skiptis hjá foreldrum koma þar á eftir (72,2 %) og marktækt betur en unglingar sem búa hjá einstæðu foreldri eða afa og/eða ömmu ($p < 0,001$), en þó ekki marktækt betur en þeir unglingar sem búa í stjúpfélöskyldu.

4. tafla. Hve oft í viku borðar þú kvöldmat með foreldrum þínum?

	Býr hjá báðum foreldrum	Býr hjá móður	Býr hjá föður	Býr til skiptis hjá foreldrum	Býr í stjúp- félöskyldu	Býr hjá afa og/eða ömmu
Daglega	60,2%***	44,0%**	47,3%	53,3%	48,0%	31,0%***
4-6 sinnum	30,2%***	36,0%**	34,5%	32,4%	34,4%	31,0%***
2-3 sinnum	7,4%	15,0%	14,1%	10,3%	12,0%	14,1%
Einu sinni	1,0%	1,6%	1,8%	1,3%	2,5%	7,0%
Sjaldan/ nær aldrei	1,2%	3,4%	2,3%	2,7%	3,1%	16,9%
Fjöldi (N)	7.409	1.585	220	553	732	71

Fylgnitala: 0,20 , $p < 0,0001$. Teknikir eru saman þeir sem borða kvöldmat með foreldrum sínum 4-7 sinnum í viku og marktækni reiknuð sérstaklega fyrir þá, með unglinga sem búa til skiptis hjá foreldrum sem samanburðarhóp (fasta), ** = $p < 0,01$, *** = $p < 0,001$.

Í 4. töflu má sjá að unglingar sem búa hjá báðum foreldrum borða oftast kvöldmat með foreldrum sínum. Þeir sem búa til skiptis hjá foreldrum koma þar næst á eftir, en ef tekinn er saman sá hópur sem borðar kvöldmat með foreldrum 4 til 7 sinnum í viku er ekki um markrækan mun að ræða á unglungum sem búa til skiptis hjá foreldrum og þeim sem búa hjá föður eða í stjúpfélöskyldu.

Svipað mynstur kom fram þegar spurt var hvort unglingarnir hefðu rifist alvarlega við foreldra sína. Tæp 70% unglinga sem búa hjá báðum foreldrum og 56% unglinga sem búa til skiptis hjá foreldrum sögðust ekki hafa rifist alvarlega við foreldra sína. Alvarleg rifrildi milli unglinga og foreldra eru síðan talsvert algengari í öðrum fjölskyldugerðum (46% til 51% sögðust ekki hafa rifist alvarlega við foreldra). Eftirlit með félagsskap unglinganna á kvöldin er einnig best ef þeir búa hjá báðum foreldrum, eða mjög gott í 37,7% tilvika. Síðan er ekki marktækur munur á eftirliti með félagsskap milli annarra fjölskyldugerða (mjög gott í 27% til 33% tilvika), nema að eftirlit af hálfu foreldra með félagsskap unglinganna er áberandi minnst hjá þeim sem búa hjá einstæðum föður, eða mjög gott í aðeins 18% tilvika ($p < 0,001$).

Athyglisvert er að í 4. töflu kemur einnig fram að 31% unglinga sem búa hjá afa sínum og/eða ömmu segjast borða kvöldmat með foreldrum sínum daglega og sama hlutfall 4 til 6 sinnum í viku. Þetta getur bent til þess að oft búi í það minnsta annað foreldri þessara unglinga einnig á heimili afans og/eða ömmunnar, eða sé þar tíður gestur.

5. tafla. Hefur þér verið hafnað af vinum eða vinkonum síðastliðna 30 daga?

	Býr hjá báðum foreldrum	Býr hjá móður	Býr hjá föður	Býr til skiptis hjá foreldrum	Býr í stjúp- fjölskyldu	Býr hjá afa og/eða ömmu
Ekki merkt við	92,9%***	89,9%	92,5%	88,8%	87,9%	79,2%*
Merkt við	7,1%	10,1%	7,5%	11,2%	12,1%	20,8%
Fjöldi (N)	7.503	1.603	227	562	742	72

Fylgnitala: 0,08, $p < 0,0001$. Marktækni er reiknuð sérstaklega fyrir þá sem segjast hafa verið hafnað af vinum síðastliðna 30 daga, með þá sem búa til skiptis hjá foreldrum sem samanburðarhóp (fasta), * = $p < 0,05$, *** = $p < 0,001$.

Í 5. töflu er spurt um höfnun af hálfu vina síðastliðna 30 daga. Sjá má að þeir unglingar sem búa hjá báðum foreldrum hafa síst orðið fyrir höfnun félaga. Unglingar sem búa til skiptis hjá foreldrum skera sig ekki markrækt frá þeim sem búa hjá einstæðu foreldri eða stjúp-fjölskyldu. Hins vegar lýsa þeir unglingar sem búa hjá afa og/eða ömmu áberandi oftast höfnun af hálfu félaga, ($p < 0,05$).

6. tafla. Mér semur vel við kennarana.

Á við um mig:	Býr hjá báðum foreldrum	Býr hjá móður	Býr hjá föður	Býr til skiptis hjá foreldrum	Býr í stjúp- fjölskyldu	Býr hjá afa og/eða ömmu
Nær alltaf	37,1%*	27,6%*	31,8%	32,7%	30,8%	27,9%**
Oft	37,7%	37,3%	38,6%	37,8%	35,8%	26,5%
Stundum	17,7%	23,5%	19,1%	18,7%	22,6%	25,5%
Sjaldan	4,8%	7,7%	6,8%	6,0%	6,9%	5,9%
Nær aldrei	2,7%	4,0%	3,6%	4,7%	3,8%	14,7%
Fjöldi (N)	7.363	1.568	220	550	734	68

Fylgnitala: 0,13, $p < 0,0001$. Marktækni er reiknuð sérstaklega fyrir þá sem segja að þeim semji nær alltaf vel við kennarana, með þá sem búa til skiptis hjá foreldrum sem samanburðarhóp (fasta), * = $p < 0,05$, ** = $p < 0,01$.

Í 6. töflu kemur fram að unglingum sem búa hjá báðum foreldrum semur að jafnaði best við kennara sína. Þeir unglingar sem búa til skiptis hjá foreldrum eða hjá einstæðum föður koma næst á eftir. Unglingum sem búa hjá einstæðri móður ($P < 0,05$) og einkum þó hjá afa og/eða ömmu ($p < 0,01$) semur hins vegar síst við kennara sína.

7. tafla. Hve oft hefur þú orðið drukkin(n) um ævina?

	Býr hjá báðum foreldrum	Býr hjá móður	Býr hjá föður	Býr til skiptis hjá foreldrum	Býr í stjúp- fjölskyldu	Býr hjá afa og/eða ömmu
Aldrei	85,3%***	74,0%*	72,2%*	79,5%	67,8%***	61,4%***
1-2 sinnum	7,3%	11,6%	13,0%	9,2%	13,9%	11,4%
3-5 sinnum	2,7%	4,5%	8,3%	3,5%	6,1%	7,1%
6-9 sinnum	1,6%	3,0%	1,9%	1,1%	3,8%	4,3%
10-19 sinnum	1,4%	2,9%	1,4%	2,6%	4,4%	4,3%
20-39 sinnum	0,7%	1,7%	0,5%	1,8%	2,5%	4,3%
40 sinnum	0,9%	2,2%	2,8%	2,4%	1,5%	7,1%
eða oftar						
Fjöldi (N)	7.341	1.575	216	546	732	70

Fylgnitala: 0,19, $p < 0,0001$. Marktækni er reiknuð sérstaklega fyrir þá sem segjast aldrei hafa orðið drukknir, með þá sem búa til skiptis hjá foreldrum sem samanburðarhóp (fasta), * = $p < 0,05$, *** = $p < 0,001$.

Í 7. töflu kemur fram að algengast er að unglingar sem búa hjá báðum foreldrum sínum segist aldrei hafa orðið drukknir. Unglingar sem búa til skiptis hjá foreldrum sínum koma næst þar á eftir og marktækt fleiri unglingar í þessu hópi segjast aldrei hafa orðið drukknir en unglingar sem búa við aðrar fjölskyldugerðir. Unglingar sem búa í stjúp- og fjölskyldu ($p < 0,001$) og einkum þeir sem búa hjá afa og/eða ömmu ($p < 0,001$) lýsa hins vegar tíðastri drykkju. Í töflum sem ekki eru sýndar hér kemur fram að unglingar sem búa hjá afa og/eða ömmu lýsa einnig tíðari neyslu á kannabiseftum en þeir sem búa hjá foreldrum sínum.

Umræða

Sú könnun sem hér er kynnt sýnir að skipt búseta er orðin nokkuð algengt fyrirkomulag meðal unglunga eftir skilnað foreldra, einkum í 8. bekk (22% af skilnaðarbörnum), sem er svipað hlutfall og í rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur og Jóhönnu R. Arnardóttur (2008). Tíðnin fer minnkandi með hækkandi aldri. Eftir sem áður er þó algengast að unglingar búi að mestu leyti hjá móður sinni eftir skilnað, eða í um helmingi tilvika. Árið 2006 mældist tíðni skiptrar búsetu í 6. bekk, 8. bekk og 10. bekk á öllu landinu 4,2% (Ársæll M. Arnarson og Þóroddur Bjarnason 2008). Í þeirri könnun sem hér er kynnt og gerð var 2010, mælist tíðni skiptrar búsetu í 8. til 10. bekk hins vegar í heildina tekið 5,2%. Þetta bendir til að tíðni þessa fyrirkomulags á búsetu unglunga eftir skilnað fari vaxandi og mikilvægt er því að þekkja kosti þess og galla. Fróðlegt verður að sjá hver þróunin verður á þessu sviði næstu árin.

Fram kemur í könnuninni að líðan og aðlögun unglunga á Íslandi tengist fjölskyldugerð með tölfraðilega marktækum hætti. Fylgnitala var þó ekki há, eða á bilinu 0,08 (hafnað af vinum) til 0,20 (borða kvöldmat með foreldrum, rífast alvarlega við foreldra).

Áberandi er að unglungum sem búa hjá báðum foreldrum líður að jafnaði best og eru best aðlagðir. Athyglisvert er að hið nokkuð umdeilda fyrirkomulag að börn og unglingar búi til skiptis hjá foreldrum sínum kemur að jafnaði betur út í þessari könnun en annað fyrirkomulag á búsetu unglunga eftir skilnað. Þetta fyrirkomulag greiðir fyrir samvistum við báða foreldra þrátt fyrir skilnaðinn og unglingar sem búa til skiptis hjá foreldrum lýsa betri líðan og meiri ánægju með lífið en aðrir unglingar eftir skilnað. Þetta er í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna sem sýna að börn sem búa til skiptis hjá foreldrum sínum eru að jafnaði betur aðlöguð en önnur börn eftir skilnað (Bauserman 2002; Thoroddur Bjarnason o.fl. 2012).

Ólíkt íslenskri könnun á börnum á miðstigi (Benedikt Jóhannsson 2007) koma unglingar sem búa að mestu leyti hjá einstæðum föður yfirleitt ekki verr út í þessari könnun en unglingar sem búa að mestu leyti hjá einstæðum mæðrum, þó með þeirri undantekningu að unglingar sem búa að mestu hjá föður sínum lýsa mun minni eftirfylgd foreldra með félagsskap þeirra en unglingar sem búa við aðrar fjölskyldugerðir.

Þeir unglingar sem búa í stjúpfjölskyldu virðast almennt vera álíka vel aðlagðir og þeir sem búa hjá einstæðum foreldrum, en unglingar sem búa í stjúpfjölskyldu lýstu þó talsverðri drykkju. Þeir unglingar sem ekki búa hjá foreldrum sínum virðast hins vegar í sérlega viðkvæmri stöðu, sem undirstrikar mikilvægi foreldra fyrir unglunga. Unglingar sem búa hjá afa sínum og/eða ömmu koma þannig yfirleitt verr út en þeir sem búa hjá öðru foreldri sínu eða báðum foreldrum til skiptis. Þeir lýsa minni ánægju með líf sitt; semur verr við kennara sína; nota meira áfengi og er oftast hafnað af vinum. Svipað á við um unglunga sem búa við óskilgreint „annað fyrirkomulag“, en sá hópur er fremur fámennur og sýni ég ekki niðurstöður varðandi hann í töflunum hér að framan.

Áréttað skal að þessi könnun tekur aðeins til unglunga í 8. til 10. bekk og því er varasamt að álykta út frá þessum niðurstöðum um aðra aldursflokka, einkum yngri börn. Rannsaka þarf sérstaklega áhrif fjölskyldugerða á líðan og aðlögun yngri barna og á þetta einkum við um kosti og galla skiptrar búsetu fyrir yngstu börnin. Þó má nefna að í grein um erlendar rannsóknir á þessu sviði segir Bauserman (2002) að skipt búseta virðist koma vel út fyrir börn óháð aldri þeirra.

Samskipti við vini eru stálpuðum börnum og unglungum mjög mikilvæg og íslensk könnun á börnum á miðstigi hefur m.a. sýnt fram á sterk tengsl milli vanlíðunar barna og erfiðleika í samskiptum við féлага (Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og Guðný Bergþóra Tryggvadóttir 2004). Í umræðu um skipta búsetu barna eftir skilnað hefur oft verið bent á að skipt búseta geti virkað tálmandi á samskipti við féлага, einkum ef langt er á milli heimilanna. Slík áhrif komu þó ekki í ljós í rannsókn Þórodds Bjarnasonar og Ársæls M. Arnarsonar (2008) og í þeirri könnun sem hér er kynnt lýsa unglingar sem búa til skiptis hjá foreldrum ekki meiri höfnun af hálfu féлага en aðrir unglingar eftir skilnað (5. tafla). Í starfi mínu sem sálfræðingur hef ég þó orðið var við að ef langt er á milli heimila foreldranna eftir skilnað getur það skapað erfiðleika í samskiptum við vini, en það á líka við um börn sem búa ekki til skiptis hjá foreldrum sínum.

Þeir sem efast um skipta búsetu barna eftir skilnað hafa einnig haldið því fram að ef börnin eigi ekki eitt aðal heimili geti það stuðlað að grynri tengslum við foreldrana og bitnað á samfellu í eftirliti með börnunum (Ársæll M. Arnarson og Þóroddur Bjarnason 2008). Sú könnun sem hér er kynnt bendir þvert á móti til þess að unglingar sem búa til skiptis hjá foreldrum sínum eigi auðveldara með að fá hlýju frá foreldrum sínum en aðrir unglingar eftir skilnað og eyði meiri tíma með foreldrum sínum. Könnunin sýnir einnig að eftirlit af hálfu foreldra er ekki minna með unglungum sem búa til skiptis hjá foreldrum sínum en með unglungum sem búa við aðrar fjölskyldugerðir eftir skilnað. Þetta er í samræmi við niðurstöður Ársæls M. Arnarsonar og Þórodds Bjarnasonar (2008).

Ennfremur hefur því verið haldið fram að skipt búseta geti stuðlað að rótleysi hjá börnunum (Ársæll M. Arnarson og Þóroddur Bjarnason 2008). Erfitt getur verið að mæla rótleysi með beinum hætti. Þó má ætla að rótleysi sýni sig í verri líðan og aðlögun, en sú könnun sem hér er kynnt og aðrar rannsóknir benda þvert á móti til þess að skipt búseta stuðli að betri líðan og aðlögun eftir skilnað foreldra (Bauserman 2002; Thoroddrur Bjarnason og Ársæll M. Arnarson 2010). Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna R. Arnardóttir (2008) benda einnig á að ef vel tekst til styrki ríkulegar samvistir við báða foreldra ekki aðeins tengslin við foreldrana, heldur einnig við fjölskyldur beggja foreldra; þar með talið við afa, ömmur og frændsystkini. Ríkulegar samvistir við báða foreldra geta þannig styrkt ættartengsl og félagslegar rætur barnanna. Þannig öðlast börnin „félagsauð“ sem getur gefið þeim öryggi og tilfinningu fyrir að tilheyra hópi.

Ekki er þó hægt að fullyrða að skipt búseta sé alltaf af því góða fyrir börnin eftir skilnað. Taka má undir með Bauserman (2002) og Kelly (2007) sem leggja áherslu á að ef foreldri vanrækir barnið eða misbýður því vegna sinna eigin erfiðleika, þá séu samvistir við foreldrið varasamar fyrir barnið og skipt búseta því ekki æskileg. Önnur forsenda skiptrar búsetu er svo augljóslega að foreldrarnir búi það nálægt hvort öðru, helst í sama skólahverfi, að börnin geti auðveldlega farið á milli heimila foreldranna og séu í ferðafæri við skóla og félag sína á báðum heimilum.

Einnig er rétt að benda á að sé vilji til þess að hafa búsetuna jafna er ekki sama hvernig tíma barnanna er skipt á milli foreldranna. Eins og fram kom í inngangi er vika á móti viku algengasta fyrirkomulagið. Ég hef líka orðið var við að skipt sé þannig að hálfur mánuður komi á móti hálfum mánuði. Þá er að vísu minna rót á börnunum en hálfur mánuður er að mínu mati full löng fjarvera frá foreldri, einkum ef börnin eru ung. Í starfi mínu hef ég einnig orðið var við að sólarhringum vikunnar sé skipt milli foreldranna eftir reglunni 2-3-2. Þannig næst hníf jöfn skipting á hálfmánaðar tímabili. Þetta getur hugsanlega gengið um tíma fyrir ung börn fyrst eftir skilnað, en reynsla mín er að til lengdar skapi svona fyrirkomulag of mikið rót fyrir börnin.

Bauserman (2002) bendir á að ekki sé höfuðatriði fyrir velferð barnanna að tíma þeirra sé skipt hnífjafnt milli heimila foreldranna. Ef báðir foreldrar hugsa vel um börnin er aðalatriðið að samvistir barnanna við foreldrana séu það tíðar og ríkulegar að börnin finni sig örugg og elskuð af foreldrum sínum og hafi heimatilfinningu á báðum heimilum. Þó talað sé um að foreldrarnir „eigi“ börnin er mikilvægt er að þeir missi sig ekki í stífar deilur um að skipta börnunum jafnt á milli sín eins og efnislegum eignum. Hafa ber í huga að í grunninn er barnið einstaklingur sem ber að virða og á sig sjálfur.

Emery (2009) talar í sama dúr og Bauserman og segir að þó skipt búseta geti verið góð þá henti hún alls ekki í öllum tilvikum, eins og fram kom hér að ofan. Emery segir rannsóknir ennfremur sýna að skipt búseta sé fremur óstöðugt fyrirkomulag. Það getur hentað vel um tíma, einkum fyrst eftir skilnaðinn, en síðan er þróunin oft sú að annað fyrirkomulag tekur við. Fyrsta taflan sem sýnd er hér að framan styður þessa fullyrðingu. Þar kemur fram að tíðni skiptrar búsetu minnkar um nær helming frá 8. til 10. bekkjar, samhliða því að unglingum sem búa í stjúp fjölskyldu fjölga.

Að lokum vil ég taka undir orð Kelly (2007) þegar hún segir að mikilvægt sé að sýna sveigjanleika varðandi fyrirkomulag samvista barna við foreldra sína eftir skilnað, fremur en að festa sig stíft við tiltekið fyrirkomulag. Sníða þarf samvistir barnanna við foreldra sína að þörfum barnanna og þroska, og að aðstæðum í hverju tilviki. Yngri börn hafa þannig aðrar þarfir en unglingar sem eru farnir að leita eftir meira sjálfstæði og samskiptum við jafnaldra. Einnig þarf auðvitað að miða samvistirnar við vinnutíma foreldranna, sem getur verið breytilegur, t.d. vegna vaktavinnu. Mikilvægt er að atvinnulífið komi til móts við þarfir

foreldra, þannig að þeir geti skipst á um að koma fyrir heim til ungra barna, hvort sem foreldrarnir búa saman eða ekki.

Þakkir

Ég vil þakka báðum vinnustöðum mínum, Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða og Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, fyrir hvatningu og stuðning við að vinna úr þessari könnun. Úrvinnslan var samvinnuverkefni þessara stofnana og var styrkt af Forvarnarsjóði Reykjavíkurborgar. Sérstakar þakkir færi ég Hrefnu Pálsdóttur hjá Rannsóknnum og greiningu, fyrir vandaða vinnu og lipurð í samskiptum og Garðari Sveinbjörnssyni tölfræðingi fyrir marktæknigreiningu.

Abstract

Joint physical custody

Wellbeing and adaptation of teenagers in various family arrangements

The main purpose of this survey is to throw light up on how wellbeing and adaptation of Icelandic teenagers is related to what kind of family arrangements they live in. The focus is especially on teenagers that live in joint physical custody and how well they are adapted compared to other teenagers. In an annual survey made by Rannsóknir og greining on all teenagers in classes 8 to 10 in Iceland, there was on the authors initiative for the first time added a question about those who lived in joint physical custody, but this arrangement seems to be on the rise. The survey took place in February 2010. The question about family arrangements was answered by 10.840 teenagers and the percentage that did answer was 83,9 in class 8 and 85,6 in classes 9 and 10. Over all 69% of the teenagers were living with both parents in the same home; 5,2% were living in joint physical custody; 6,6% in 8th class; 5,1% in 9th class and 3,7% in 10th class. Following factors were connected to family arrangements: The wellbeing of the teenagers, their interaction with parents, friends and teachers, and their use of alcohol and cannabis. There was a statistically significant difference ($p < 0,0001$) between family arrangements on all these factors, with a contingency coefficient from 0,08 (rejected by friends) to 0,20 (eating dinner with parents, and fighting seriously with parents). Those teenagers that lived with both their parents in the same home were on all occasions best adjusted. Those who lived in joint physical custody were however generally better adjusted than other teenagers after their parents divorce, while those who did not live with at least one parent were generally worst adjusted.

Keywords: Family arrangements, divorce, joint physical custody, wellbeing and adaptation of teenagers.

Benedikt Jóhannsson, specialist in clinical psychology.

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Skúlagata 21, 101 Reykjavík and

Fjölskylduþjónusta kirkjunnar Grensáskirkja, Háleitisbraut 66, 103 Reykjavík.

Email: benedikt.johannsson@reykjavik.is

Heimildaskrá

- Álfgeir Logi Kristjánsson (2007). Fjölbreytt fjölskyldugerð. Í *Áfram ábyrg.* Kjalarnesprófastsdæmi.
- Alfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dora Sigfusdóttir, John P. Allegrante, Asgeir R. Helgason (2009). Parental divorce and adolescent cigarette smoking and alcohol use: Assessing the importance of family conflict. *Acta Paediatrica*, 98, 537-542.
- Ársæll Már Arnarson og Þóroddur Bjarnason (2008). Jafnt til skiptis. *Rannsóknir í félagsvísindum IX*, s.151-158. Ritstjórar Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sjá Skemman.is
- Bauserman, Robert (2002). Child adjustment in joint-custody versus sole-custody arrangements: A meta-analytic review. *Journal of Family Psychology*, Vol. 16, No.1, 91-102.
- Benedikt Jóhannsson (2004). *Börn og skilnaður*. Skálholtsútgáfan.
- Benedikt Jóhannsson (2007). Börn og Fjölskylduaðstæður. Í *Áfram ábyrg.* Kjalarnesprófastsdæmi. Sjá einnig: <http://kirkjan.is/fjolskylduthjonusta/greinar>.
- Emery, Robert (2009). Joint physical custody. Is joint physical custody best or worst for children? *Psychology Today*, May 18. <http://www.psychologytoday.com/blog/divorced-children/200905/joint-physical-custody>
- Geir Gunnlaugsson, Álfgeir Logi Kristjánsson, Jónína Einarsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir (2011). Intrafamilial conflict and emotional well-being: A population based study among Icelandic adolescents. *Child Abuse & Neglect*, 35, 375-381.
- Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og Guðný Bergþóra Tryggvadóttir (2004). *Börnin í borginni*. Könnun á líðan nemandu í grunnskólum Reykjavíkur gerð af Rannsóknum og greiningu. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.
- Hagstofan (2011). <http://hagstofan.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Giftingar-og-skilnadir>
- Hetherington, E. Mavis and Kelly, John (2002). *For better or for worse, Divorce reconsidered*. W.W. Norton and Company, New York.
- Kelly, J.B. (2007). Children's living arrangements following separation and divorce: Insights from empirical and clinical research. *Family Process*, 46 (1), 35-52.
- Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir (2000). *Áfram foreldrar. Rannsókn um sameiginlega forsjá og velferð barna við skilnað foreldra*. Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir (2010). Skilnaður og jöfn búseta barna. Grein í *Rannsóknir í félagsvísindum XI*, s. 49-59. Ritstjóri Halldór S. Guðmundsson. Félagsvísindastofnum Háskóla Íslands. Sjá Skemman.is
- Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna R. Arnardóttir (2008). Sameiginleg forsjá sem meginregla og íhlutun stjórnvalda – rannsókn um sjónarhorn foreldra. *Tímarit lögfræðinga*, 58 (4), 465-496.

Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir (2008). *Ungmennni og ættartengsl: Rannsókn um reynslu og sýn skilnaðarungmenna*. Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd. Háskólaútgáfan. Reykjavík.

Sólveig Sigurðardóttir (2009). *Jöfn búseta hjá báðum eftir skilnað*. MA ritgerð í Félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Sjá á Skemman.is

Thuen, Frode (2001). Barn og skilsmisser – en gjennomgang av forskning på feltet. Í Alte Dyregrov og fl. *Et liv for barn – utfordringer, omsorg og hjelpetiltak*. Fagbokforlaget, Bergen.

Thoroddur Bjarnason, Pernille Bentsen, Arsaell M. Arnarsson, Ina Borup, Ronald J. Iannotti, Petra Löfstedt, Ilona Haapasalo, Birgit Niclasen (2012). Life satisfaction among children in different family structures. A comparative study of 36 western societies. *Children and Society*, 26 (1), 1-12.

Þóroddur Bjarnason og Ársæll Már Arnarson (2008). *Jafnt hjá báðum?* Fyrirlestur á málþingi í Háskólanum á Akureyri 6. júní 2008.

Þóroddur Bjarnason og Ársæll M. Arnarson (2010). *Joint physical custody and communication with parents. A cross-national study of children in 36 western countries*. Háskólinn á Akureyri. Í handriti.

